

14. október 1975.

173

Nr. 72.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki minu:

1. gr.

Í stað orðanna: „nr. 189 14. júlí 1972“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 299 15. júlí 1975.

2. gr.

Jafnan þar sem orðin „nr. 189/1972“ koma fyrir í 2. og 4. gr. laganna komi í staðinn orðin: nr. 299/1975.

3. gr.

Töluröð grunnlínupunkta í 2. og 4. gr. laganna skal breytt í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 1975.

*Gjört í Reykjavík, 14. október 1975.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Matthias Bjarnason.*